



34. Miðstjórnarfundur RSÍ

haldinn föstudaginn 15. nóvember 2002

1. Kynnt fundargerð.

2. Trúnaðarmannaráðstefnan.

Rætt var um trúnaðamannaráðstefnuna. Menn voru sammála um að vel hafi tekist til og flestir lýstu ánægju yfir hinum nýja fundartíma.

3. Félagsfundir.

Ákveðið var að fresta fyrirhugaðri fundarferð fram yfir áramót, vegna þess hve skólamálin eru komin stutt í dómsskerfinu.

4. Reikningar eftirmenntunarnefnda

Theodór, endurskoðandi sem ráðinn hefur verið til að ganga frá reikningum eftirmenntunarsjóðanna kom á fundinn og skýrði reikningana og aðspurður sagði hann þá gagnsæja og ekkert hefði fundist athugavert utan sjóðs eftirmenntunar rafeindavirkja, það mál væri í höndum rannsóknarlögreglunnar.

5. Skipan fastanefnda ASÍ.

Skipað var í nefndirnar.

6. Sveinsprófsnefnd rafeindavirkja.

Staðfest ósk RSÍ til starfsgreinaráðs um tilnefningar í sveinsprófsnefnd.

7. Þing RSÍ 2003.

Umræða um hvenær eigi að boða til næsta þings RSÍ. Menn voru sammála um að hafa þingið á eftir aðalfundum aðilarfélaga. Vegna þessa, afstöðu páska og alþingiskosninga á næsta ári þótti ekki ráðlegt að hafa þingið fyrir en 16. og 17. maí 2003. og var það samþ.

8. Uppgjör við HRG

Kynnt var uppgjör sem lagt var fyrir HRG til þess að ganga frá hans málum. Það var samþykkt.

9. Önnur mál

Einar Jón Ólafsson var skipaður í laganefnd og nefndinni falið að undirbúa lagabreytingar fyrir þingið.

Lagt var fram bréf frá Löggarði þar sem túlkuð eru réttmæti ákvæða í ráðningarsamningi frá Tal hf. Lögmaðurinn telur ákvæði um vinnustundafjölda og bakvaktir standist ekki lög.

Samninganefnd vegna samnings við SV hefur ákveðið að segja samningnum upp frá og með næstu áramótum. Yfir

standa við þræður um endurnýjun kjarasamnings við Íslenska útvarpsfélagið og við Kvikmyndahúsin.

Lagt var fram bréf frá úthlutunarnefnd styrktarsjóðs RSÍ

Verið er að ljúka við virkjunarsamning vegna Kárahnjúka.

Samþykkt var eftirfarandi ályktun vegna Sementsverksmiðjunnar á Akranesi:

Haukur Ágústsson.